




Nýr Skerjaförður

Hugmyndaleit



Borgin



Borgarhluti

Græn svæði / torg



Græn svæði,
þakgarðar
Torg - staðir



Græna beltið sem liggur milli Reykjavíkurtjarnar og Skerjafjarðar opnar leið fyrir aðra íbúa borgarinnar að njóta þeirra gæða sem svæðið býður uppá. Gerum ráð fyrir að yfirbragð beltisins verði sem náttúrulegast í anda Vatnsmýrarinnar, en tengist neti leikvalla og áhugaverðra staða til að ferðast um og njóta útivistar. Græn tunga teygir sig inn í byggðina og styrkir tengsl byggðar og standar.

Stígakerfi







Stofnstígar
Göngustígar



Vistvænum samgöngum er gert hátt undir höfði á skipulagssvæðinu til að gera íbúum svæðisins kleift komast ferða sinna án einkabíls. Ný göngu-, hjóla- og almenningssamgöngubrú yfir Fossvoginn mun bæta vistvænar samgöngur.

Götur





- Borgargata með þjónustu í götuhæð 
- Götur, hæg umferð 
- Vistgötur - garðar við götur 

Megin hugmyndin er reitaskipting þar sem á hverjum reit eru mismunandi byggingar í hæð og formi. Gatnakerfi er lagskipt, þannig að gerður er greinarmunur á borgargötum, götum með hægari umferð og vistgötum.


Starfsemi



- Íbúðir 
- Starfsemi 

Við leggjum áherslu á blandaða byggð þó íbúðabyggð sé í forgangi eins og aðalskipulag gerir ráð fyrir. Atvinnu- og þjónustustarfsemi er í meginatriðum komið fyrir meðfram borgargötu. Einnig er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi í suðausturhluta svæðisins.


Ofanvatnslausnir



Blágrænar ofanvatnslausnir

Stefnt er að því að styrkja gróður og opin almenningsrými á svæðinu. Byggingar með grænum þökum, grænir veggir, gegndræpt yfirborð og þakgarðar efla vistkerfi á um leið og slík hönnun er hluti af vistvænum ofanvatnslausnum. Græna beltíð er miðdeilir ofanvatnslausna en græna tungan innan byggðar þjónar einnig því hlutverki.

Göngu- og hjólaleiðir



Samgöngustígur norður - suður
Samgöngustígur austur - vestur
Strandstígur - útivistarstígur



Tveir aðal samgöngustígar verða í Vatnsmýrinni. Annar þeirra liggur suður-norður um miðja Vatnsmýri og tengir samgöngustíga Hringbrautar við strandstíg og nýja brú yfir Fossvog. Hinn liggur austur-vestur um Vatnsmýrina tengir byggð í eystri hluta borgarinnar og Háskólann í Reykjavík við Háskóla Íslands og Vesturborgina. Strandstígur er enn í öndvegi sem útivistarstígur.



Rammaskipulag Graeme Massie hefur verið leiðarljós skipulags í Vatnsmýrinni um nokkurt skeið. Það er að nokkru okkar fyrirmynd, en við viljum brjóta það upp og hverfa frá hornréttum samgönguæðum og strangri randbyggð. Við viljum mýkri form, fjölbreyttari byggð og mildara yfirbragð.

Gert er ráð fyrir að borgarlínan fari um Fossvoogsbrúna og í gegnum Vatnsmýrarsvæðið á leið sinni að miðstöð almenningssamgangna við Hringbraut.



Við leggjum áherslu á fjölbreytta borgarbyggð. Hún er blanda randbyggðar og húsa með garða að götum. Við sækjum fyrirmyndir víða í borgarmynd Reykjavíkur; Vesturborgina, Vogana og Þingholtin.



Hugsanleg áfangaskipting.
Mikilvægt að velja hagkvæma
og skynsamlega áfangaskiptingu
m.t.t. stoðkerfa, nálægðar við
flugbraut ofl.



Við sjáum fyrir okkur að ráðstöfun byggingarréttar geti verið með ýmsum hætti. Allt frá heilum reitum niður í einstök hús innan reita. Kvarðinn verði 20-30 íbúða einingar. Kannski kominn tími til að endurvekja byggingarsamvinnufélögin?





Byggð - náttúra

Til að draga úr líklegum neikvæðum áhrifum uppbyggingar í Vatnsmýri á grunnvatnsstrauma og þar með á lífríki mýrarinnar og Tjarnarinnar er mikilvægt að huga að mótvægisaðgerðum.



Fjölbreytt borgarbyggð með alls konar húsum. Áhersla á græn þök, vistvæn byggingarefni og möguleika á borgarræktun. Litlir garðar í göturýmum, inngarðar sem opnast fram í göturými mýkja yfirbragð byggðar.



Ströndin

Ströndin er mikilvægt framhald metnaðarfullrar uppbyggingar í Nauthólsvík. Við færum núverandi strandlínu fram til að vinna land. Við sjáum ströndina á þessum stað byggjast upp af þremur mikilvægum þáttum. Í fyrsta lagi smábátahöfn sem ekki er til staðar í þessum hluta borgarinnar. Í öðru lagi viðburðaströnd; strandhluti sem tengist viðburðasvæðinu og í þriðja lagi „náttúruleg“ strönd; strönd með yfirbragð náttúrufjarar með gróðri sem hugsanlega getur laðað að sér fuglalíf.



Matjurtaræktun

Möguleikar á ræktun matjurta í sameiginlegum gróðurhúsum

Hverfistorgið

Verslanir í göngufjarlægð í náttúrulegu umhverfi



Flugtorg

Núverandi flugskýli (Sjósýklið) fellt inn í nýja byggð og fær nýtt hlutverk sem flugsafn.



Skerjafjörður

Ný byggð við Skerjafjörð tekur að hluta upp byggðamynstur núverandi byggðar - gerir svæðið sjálfbært með verslun og þjónustu.

Græna beltíð

Samfelld græn leið milli Skerjafjarðar Reykjavíkurtjarnar. Yfirbragð sem náttúrulegast í anda Vatnsmýrar en tengist neti leikvalla og áhugaverðra staða.

Viðburðatorg

Fjölbreytta aðstöðua fyrir ýmiss konar félagsstarfsemi

Náttúruströnd

Strandsvæðið er útfært með náttúrulegu yfirbragði



Smábátahöfn

- bryggjur fyrir smábáta, kajaka og skútur. Grásleppuútgærd?



Margt smátt gerir eitt grænt!

Svæðið sem er undir í þessari tillögu er um 170.000 m² að stærð. Tillagan gerir ráð fyrir um 120.000 m² byggingarmagni en húshæðir eru að jafnaði þrjár hæðir. Við gerum ráð fyrir um 1.100 íbúðum og um 10.000 m² atvinnu- og þjónustuhúsnæðis. Nýtingarhlutfall er um 1,4.



Loftmynd - horft í norður



Sneiðing - horft í austur